

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 104/1956. **Glersteypan h/f**

gegn

Uppboðshaldaranum í Reykjavík o. fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Glersteypan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1956.

Nr. 87/1956. **Gísli Halldórsson h/f** (Páll S. Pálsson)

gegn

Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur og gagnsök (Magnús Thorlacius).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1956. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjandi dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt, málinu vísað frá héraðsdómi og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að dómkrafa gagnáfrýjanda verði lækkuð, hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Varnarástæður þær, sem aðaláfrýjandi hefur haft uppi fyrir Hæstarétti, en ekki í héraði, koma ekki til álita gegn andmælum gagnáfrýjanda. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Gísli Halldórsson h/f, greiði gagnáfrýjanda, skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur, kr. 6000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., hefur skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, út gefinni 14. febrúar 1956, gegn Gísla Halldórssyni h/f, hér í bænnum, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 127.000.00, með 7% ársvöxtum af kr. 2.000.00 frá 28. desember 1950 til 28. janúar 1951, af kr. 4.000.00 frá þeim degi til 28. febrúar s. á., af kr. 104.000.00 frá þeim degi til 22. marz s. á., af kr. 117.000.00 frá þeim degi til 30. marz s. á. og af kr. 127.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, 1/3% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 21.10 í afsagnarkostnað og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt 5 víxlum:

1. Víxi, að fjárhæð kr. 100.000.00, út gefnum 28. júlí 1950 af Gísla Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 28. febrúar 1951 og ábektum af útgefanda.
2. Víxli, að fjárhæð kr. 10.000.00, út gefnum 30. desember 1950 af Gísla Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 30. marz 1951 og ábektum af útgefanda.

3. Víxli, að fjárhæð kr. 13.000.00, út gefnum 22. desember 1950 af Gísli Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 22. marz 1951 og ábektum af útgefanda.
4. Víxli, að fjárhæð kr. 2000.00, út gefnum 28. júlí 1950 af Gísli Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 28. desember 1950 og ábektum af útgefanda.
5. Víxli, að fjárhæð kr. 2000.00, út gefnum 28. júlí 1950 af Gísli Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 28. janúar 1951 og ábektum af útgefanda.

Stefnandi kveður víxilrétt samkvæmt framangreindum víxlum fyrndan og því mál þetta höfðað gegn samþykkjanda víxlanna samkvæmt 74. gr. laga nr. 93 frá 1933.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 7200.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Halldórsson h/f, greiði stefnanda, skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. félagsbús Gísli Halldórssonar og Sigríðar Einarasdóttur, kr. 127.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 2000.00 frá 28. desember 1950 til 28. janúar 1951, af kr. 4000.00 frá þeim degi til 28. febrúar 1951, af kr. 104.000.00 frá þeim degi til 22. marz 1951, af kr. 117.000.00 frá þeim degi til 30. marz 1951 og af kr. 127.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 21.10 í afsagnarkostnað og kr. 7200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.